

Nd.

35. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Búðahreppi í Suður-Múlasýslu landspildu þá úr Kjappeyrarlandi, sem ekki er í leigu ábúandans á Kjappeyri samkvæmt byggingarbréfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndar Búðahrepps. Fylgdi beiðninni eftirfarandi grg.:

„Landspilda sú, sem hér um ræðir, liggur á takmörkum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps, þó meira í þeim síðarnefnda. Landspildan er að mestu óbyggð strandlengja austan Búðakaupþúns út í svonefnda Mjóeyri, en úr Mjóeyrarodda og þvert yfir fjörðinn eru takmörk Fáskrúðsfjarðarhafnar, svo að höfn kaupþúnsins liggur að allri þessari strandlengju. Á þeim hluta landspildunnar, sem liggur í Búðahreppi, eru tvö atvinnufyrirtæki kaupþúnsins, hraðfrystihús og lifrarbræðsla, en rétt austan við hreppamörkin, í Fáskrúðsfjarðarhreppi, eru tvö íbúðarhús, en landspildan síðan óbyggð út á endamörk hafnarinnar, Mjóeyrarodda.

Það er langt síðan mönnum varð það ljóst, að landspilda þessi ætti að tilheyra Búðakaupþúni vegna legu sinnar og atvinnurekstrar kaupþúnsins. Eins og áður segir, ná hafnarmörkin út á Mjóeyrarodda, og þegar ríkissjóður byggir síðast ábúandanum á Kjappeyri, þá er þessi sama landspilda undanskilin í byggingarbréfinu. Þetta hvort tveggja styður þá málaleitun Búðahrepps, sem hér um ræðir. Þá mun það og vera álit manna, að kaupstöðum og kaupþúnum sé nauðsyn að eiga það land, sem þau standa á, en í þessu tilfelli má fullvist telja, að Búðakaupþún byggist í þessa áttina, út í Kjappeyrarland, með ströndinni. Enn má geta þess, að vegna bátaútvegsins í kaupþúninu er hin mesta nauðsyn á að koma upp dráttarbraut í kaupþúninu, en eini staðurinn, sem tiltækilegur er til þeirra hluta samkvæmt álit sérfróðra manna, er Mjóeyrin.

Enda þótt landspildur þær, sem hér um ræðir, séu ekki innifaldar í erfðafestu-leigu Kjappeyrar, þá eru ábúendum Kjappeyrar ætluð afnot nokkur í byggingarbréfi, unz landið er notað í bryggjulóðir eða á annan hliðstæðan hátt. Að sjálf-sögðu er ætlazt til þess, að ábúendur haldi þeir rétti, sem þeir þannig hafa nú, þrátt fyrir eigendaskiptin.